



Fundur háskólaráðs 13. desember 2007

Fundargerð

Málsnúmer: HI07010035
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,
dagskrár og framlögð gögn
Eigandi skjals: Margrét Ludvig
Staða: Fært í skjalasafn

Dagsetningar:

Búið til: 06.12.2007
Dags: 13.12.2007

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands (690169-2039)
Aðalbyggingu v/Suðurgötu
101 Reykjavík
Sími: 525 4000
Fax: 552 1331

18/2007

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2007, fimmtudaginn 13. desember var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 13.00.

Fundinn sátu: Kristín Ingólfssdóttir, Arnfríður Guðmundsdóttir (varamaður Birnu Arnbjörnsdóttur), Inga Jóna Þórðardóttir, Ólafur Þ. Harðarson, Reynir Jóhannesson (varamaður Ernu Kristínar Blöndal), Rúnar Vilhjálmsson, Valgerður Bjarnadóttir, Þóra Ellen Þórhallsdóttir (varamaður Helga Þorbergssonar), Þórdís Kristmundsdóttir og Þórir Hrafn Gunnarsson. Fundargerð ritaði Magnús Diðrik Baldursson.

Fundargerðir frá 15. og 29. nóvember sl. lagðar fram og samþykktar.

1. Mál á dagskrá

1.1 Fjármál Háskóla Íslands. Framhald frá síðasta fundi.

Inn á fundinn komu Guðmundur R. Jónsson, sviðsstjóri framkvæmda- og tæknisviðs og formaður fjármálanefndar og Sigurður J. Hafsteinsson, sviðsstjóri fjármálasviðs og gerðu grein fyrir framlögðum gögnum frá fjármálanefnd: Drögum að tillögum fjármálanefndar um helstu forsendur fyrir skiptingu fjárveitinga ársins 2008, vinnutöflu við gerð fjárhagsáætlunar Háskóla Íslands 2008 og drögum að nýju deililíkani. Málið var rætt ítarlega og svöruðu þau Guðmundur, Sigurður og rektor spurningum ráðsmanna. Þökkuðu fulltrúar í háskólaráði fjármálanefnd fyrir vel unnin störf.

– Tillaga fjármálanefndar um nýtt deililíkan, svokallaða 10/90 skiptingu á þreyttum einingum og skiptingu fjárveitinga fyrir árið 2008 var samþykkt með sjö atkvæðum en einn var á móti og tveir sátu hjá. Fulltrúi raunvísindasviðs óskaði eftir því að fært yrði til bókar að hann teldi að greiðslur vegna þreyttra eininga fyrir þjónustukennslu ættu að fara til þeirrar einingar sem veitir kennsluna, enda hefði ekki verið sýnt fram á hvort og hversu mikill kostnaður verði til hjá heimadeild. Fulltrúi hugvísindasviðs lagði fram eftirfarandi bókun: „Fulltrúi hugvísindasviðs undirstrikar að mikilvægt er fyrir starf Háskólans að nokkur sátt ríki um það kerfi sem notað er til að útdeila fjárframlagi ríkisins til skólans. Með því líkani sem hér er kynnt er sú sátt ekki fyrir hendi. Fulltrúi hugvísindasviðs greiðir því atkvæði á móti þessari tillögu.“ Fulltrúi Félags háskólakennara og Félags prófessora óskaði eftir því að fært yrði til bókar að hann teldi rétt að fresta afgreiðslu málsins til næsta fundar svo betri tími gæfist til að skoða forsendur og áhrif tillagnanna.

2. Erindi til háskólaráðs

2.1 Tillögur deilda um fjöldatakmörkun háskólaárið 2008-2009.

Rektor gerði grein fyrir málinu.

– Samþykkt einróma.

2.2 Aðild Háskóla Íslands að hlutafélagi um alþjóðlegan orkuskóla í samvinnu við Orkuveitu Reykjavíkur og Háskólann í Reykjavík.

Inn á fundinn kom Jón Atli Benediktsson, próunarstjóri Háskólans og aðstoðarmaður rektors og gerði ásamt rektor grein fyrir málinu. Málið var rætt og svöruðu Jón Atli og rektor spurningum ráðsmanna.

– Samþykkt einróma að Háskóli Íslands gerist aðili að hlutafélagi um alþjóðlegan orkuskóla í samvinnu við Orkuveitu Reykjavíkur og Háskólann í Reykjavík, enda verði fjárskuldbindingar Háskólans ekki hærri en sem nemur lágmarks stofnhlutafé.

2.3 Þverfræðilegt meistaranám í talmeinafræði.

Inn á fundinn kom Halldór Jónsson, sviðsstjóri vísindasviðs og gerði grein fyrir málinu. Málið var rætt og svaraði Halldór framkomnum spurningum.

– Afgreiðslu frestað meðan verið er að tryggja fjármögnun námsins.

Fleira var ekki gert.

Fundi slitið kl. 16.